



SVÆÐISSKIPULAGIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi

Breytt vaxtarmörk á Álfsnesi



Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi til kynningar á vinnslustigi
Lögð fram til kynningar sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

27 júní 2018

Uppfært 14. ágúst

Samþykktar og staðfestingarferli

Svæðisskipulagsbreyting sem auglýst hefur verið samkvæmt 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í :

Svæðisskipulagsnefnd x.x.20xx

Bæjarstjórn Seltjarnarness x.x.20xx

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar x.x.20xx

Bæjarstjórn Kópavogs x.x.20xx

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar x.x.20xx

Bæjarstjórn Reykjavíkur x.x.20xx

Bæjarstjórn Garðabæjar x.x.20xx

Hreppsnefnd Kjósarhrepps x.x.20xx

Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 4. mgr. 25. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

N.N. xx.20xx

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Markmið og forsendur breytinga	4
3.	Tillaga að breytingu	8
4.	Samræmi við áætlanir	9
5.	Samantekt umhverfisskýrslu	9
6.	Samráð og kynningar	12

Samhliða kynningu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna breytingar á vaxtarmörkum á Álfsnesi er kynnt tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur um nýtt iðnaðarsvæði við Álfsnesvík. Tillögunum fylgir sameiginleg umhverfisskýrsla. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér báðar tillögunar. Þegar tillögunar verða auglýstar formlega gefst tækifæri til að leggja fram skriflegar athugasemdir.

Ábendingum eða athugasemdum við tillögunar skal skila skriflega

- Skrifstofa samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu Hamraborg 9, Kópavogi eða á netfangið ssh@ssh.is
- Umhverfis – og skipulagsvið Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, b.t. skipulagsstjóra, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is.

1. Inngangur

Gerð er tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, um legu vaxtarmarka á milli þéttbýlis og dreifbýlis á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan samanstendur af greinargerð og þemakorti, ásamt umhverfisskýrslu.

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er mörkuð stefna um að öll uppbygging þéttbýlis skuli eiga sér stað innan vaxtarmarka, en utan þeirra verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli. Vaxtarmörkin liggja við jaðar núverandi borgarbyggðar, auk svæða sem skilgreind eru fyrir uppbyggingu í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.

Á Álfsnesi, utan megin borgarbyggðarinnar, eru svæði innan vaxtarmarka þar sem í dag er urðunarstaður fyrir sorp, skotæfingasvæði og þar er uppbygging hafin fyrir gas- og jarðgerðarstöð. Á svæðinu er gert ráð fyrir höfn, efnisvinnslu og iðnaði við Kollafjörð sbr. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Um þetta svæði á Álfsnesi eru dregin vaxtarmörk í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Hér er lögð fram tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sem felst í stækkun svæðisins og færslu vaxtarmarkanna til suðvesturs við Álfsnesvík innan Reykjavíkur þannig að rými verði fyrir uppbyggingu og þróun efnisvinnslusvæðis. Áformað er að Björgun, sem vinnur jarðefni til mannvirkjagerðar úr námum á sjávarbotni, fái þar aðstöðu. Tillagan byggir á kostamati þar sem bornir voru saman fjölmargir valkostir um staðsetningu fyrir þessa starfsemi. Samhliða svæðisskipulagsbreytingunni er kynnt á vinnslustigi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem lagt er til að landnotkun verði breytt á svæði innan þess svæðis sem færsla vaxtarmarkanna nær til. Þar er skilgreint iðnaðarsvæði og mörkuð stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags. Þegar tillögurnar verða fullunnar verða þær auglýstar samhliða deiliskipulagstillögu fyrir efnisvinnslusvæðið síðar á árinu.

Tillaga þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir viðfangsefni breytingarinnar og helstu forsendum hennar, umhverfismati tillögunnar og hvernig staðið er að samráði og kynningu á tillögunni í umhverfisskýrslu tillögunnar. Sú skýrsla er jafnframt fylgigagn með tillögu um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem lögð er fram samhliða.

2. Markmið og forsendur breytinga

Markmið

Markmið með þessari breytingu á svæðisskipulagi er að geta boðið upp á land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Landið þarf að vera við sjó, sem næst efnistökusvæðum á hafsbotni og bjóða upp á aðgengi að höfn. Stuttar akstursvegalengdir leiða til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda og minna slits á vegum, auk lægri flutningskostnaðar. Þá er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á svæði fyrir fyrirtæki sem hefur verið í rekstri á höfuðborgarsvæðinu en þarf að flytja út fyrir núverandi þéttbýli vegna nýrrar byggðar á þéttingarsvæðum.


Forsendur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er sett fram sú stefna að Björgun ehf. flytji frá athafnasvæði sínu við Sævarhöfða og víki fyrir íbúðabyggð. Samkvæmt skipulaginu átti sá flutningur að eiga sér stað eigi síðar en 2016 en skv. samkomulagi milli Björgunar og Faxaflóahafna skal fyrirtækið vera búið að losa núverandi vinnusvæði sitt við Sævarhöfða þann 31. maí 2019. Þegar aðalskipulagið var samþykkt var ekki ljóst hvert Björgun gæti flutt starfsemi sína innan Reykjavíkur en lagt var til að hún yrði flutt á nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi eða á viðeigandi svæði utan Reykjavíkur. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að þetta nýja hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi hentar illa fyrir starfsemi Björgunar. Þar eru 15-20 m sjávarhamrar og til að móta landssvæði, sem væri hentugt fyrir starfsemi Björgunar, þyrfti að vinna landfyllingar og sprengja úr sjávarhömrnum, auk þess sem leysa þyrfti vegtengingar með

umtalsverðu umhverfisraski. Þá vinna óhagstæðar veðurfarslegar aðstæður einnig á móti þessari staðsetningu. Því var leitað að nýrri staðsetningu fyrir fyrirtækið.

Valkostir um staðsetningu innan höfuðborgarsvæðisins

Haustið 2016 óskaði Björgun eftir því við Reykjavíkurborg að það yrði skoðað hvort fyrirtækið gæti fengið lóð á Gunnunesi á Álfsnesi. Í umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði var fyrirtækinu beint að svæði litlu norðar við Álfsnesvík, til að hlífa minjum sem eru við mitt Þerneyjarsund, og bent á að ítarleg skoðun þyrfti að fara fram áður en ákvörðun um að fara í skipulagsbreytingu, gæti legið fyrir. Sú skoðun fór fram á árinu 2017 og liggur fyrir ítarleg greinargerð með kostamati fyrir þá sex mismunandi staði sem skoðaðir voru, auk þess sem gerð var grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem kunna að verða ef starfsemin er heimiluð við ströndina í Álfsnesvík nyrst í Þerneyjarsundi. Af öllum þeim stöðum sem skoðaðir hafa verið virðist staðsetning við Álfsnesvík fela í sér skynsamlega málamiðlun, og við skoðun á umhverfispáttum hefur ekkert afgerandi komið í ljós sem kemur í veg fyrir að Álfsnesvík geti talist ágætur kostur fyrir tímabundna haugsetningu hreinna og ómengaðra jarðefna ásamt úrvinnslu efnisflokka fyrir hvers kyns framkvæmdir.¹



Mynd 1. Núverandi starfssvæði Björgunar við Sævarhöfða (rautt) og sex mögulegar staðsetningar sem hafa verið skoðaðar. Rauð ör bendir á Álfsnesvík sem er til umfjöllunar í þessari tillögu að svæðisskipulagsbreytingu.

Í undirbúningi þessarar breytingar á svæðisskipulagi var sérstaklega óskað eftir ábendingum um aðra kosti sem yrðu þá teknir inn í umfjöllun um valkosti í skipulagsferlinu. Engar slíkar ábendingar bárust.


Við afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á verklýsingu vegna svæðisskipulagstillögunnar var samþykkt að gerð yrði sérstök úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða innan vaxtarmarka, með áherslu á landþörf til næstu ára. Frumniðurstöður þeirrar úttektar voru kynntar á fundi svæðisskipulagsnefndar 4. maí 2018 og eru þær fylgiskjal með tillögunni sem hér er lögð fram. Úttektin leiðir í ljós að skv. skipulagsáætlunum á höfuðborgarsvæðinu er flatarmál óbyggðra lóða fyrir athafna- og iðnaðarsvæði um 290 ha, en meirihluti þeirra er athafnasvæði. Í úttektinni koma ekki fram upplýsingar um nein svæði til viðbótar við þau sem skoðuð hafa verið, sem gætu hentað fyrir starfsemi Björgunar. Stórar iðnaðarlóðir við Hellnahraun og Kapelluhraun henta ekki því þær liggja ekki að sjó, en möguleiki er á stórum lóðum á norðanverðu Álfsnesi við Kollafjörð, en sá valkostur er einmitt hluti af

¹ Nánari umfjöllun í samantekt umhverfisskýrslu í kafla 5 og umhverfisskýrslu sem er í sér greinargerð.

kostamatinu sem unnið hefur verið. Fram hefur komið í umræðu um tillöguna að mögulega séu svæði í Hafnarfirði sem henta fyrir starfsemina. Engar ábendingar hafa borist sem benda á eitt svæði frekar en annað, en ef aðalskipulag Hafnarfjarðar er skoðað er það etv. helst hafnarsvæði Straumsvíkurhafnar sem er hægt að stækka og búa til athafnasvæði við sjó. Það svæði hentar hins vegar afar illa, bæði eru engar vænlegar efnisnámur á sjávarbotni í grennd við Hafnarfjörð og langt er að sækja í efnisnámur í Kollafirði og Hvalfirði þar sem efni er aðgengilegt. Sigling langa leið af því svæði með efni til Hafnarfjarðar er afar óhagkvæm og hefði t.a.m. hefði t.a.m. veruleg áhrif á efniskostnað. Þessi kostur er því um margt óhagkvæmur og því þykir ekki ástæða til að skoða hann frekar. Í ferlinu hafa því ekki komið fram aðrir raunhæfir kostir en þeir sex sem skoðaðir hafa verið, en af þeim hefur staðsetning við Álfsnesvík komið best út. Því miður þessi tillaga við að færa vaxtarmörk um þéttbýli höfuðborgarsvæðisins þannig að iðnaðarsvæði við Álfsnesvík verði innan þeirra. Nánari umfjöllun um valkosti er í umhverfisskýrslu.

Vaxtarmörk í svæðisskipulagi

Vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins má t.d. sjá á þemakorti 2 í samþykktu svæðisskipulagi. Þeim er lýst sem 50 m belti og skal allt þéttbýli þróast innan þeirra marka til ársins 2040. Lega vaxtarmarka og landnotkun innan þeirra er skilgreind nánar í aðalskipulagi. Afmörkun vaxtarmarkanna er sýnd skematískt á þemakortum en nánari afmörkun er aðgengileg í gagnagrunni svæðisskipulagsins og í kortasjá skipulagsins (<http://vefur.alta.is/svsk/>).



Mynd 2. Þemakort úr svæðisskipulaginu, kjarnar og vaxtarmörk, sem verður uppfært í endanlegri tillögu að breytingu á svæðisskipulagi.

Eftirfarandi forsendur voru lagðar til grundvallar breytingu á vaxtarmörkum (sjá mynd 3):



1. Afmörkunin nái um nýtt iðnaðarsvæði (sjá kort, svæði 1)).
2. Afmörkunin nái einnig utan um tjörnina í botni Álfnesvíkur (sjá kort, svæði 2). Þar er sigvatni (rigningarvatni) sem fellur á urðunarsvæðið, veitt til sjávar eftir að það hefur verið hreinsað í settjörn. Í deiliskipulagi er þar auk settjarnarinnar gert ráð fyrir lögnum, skurðum og smáhýsum fyrir búnað.
3. Afmörkun ná enn fremur yfir ströndina við Álfnesbæinn og byggingar á bænum (sjá kort , svæði 3), en þær eru nýttar fyrir starfsemi Sorpu.



Mynd 3. Nýtt iðnaðarsvæði (1), settjörn fyrir urðunarsvæði Sorpu (2) og Álfnesbærinn, þar sem eru skrifstofur Sorpu (3).

3. Tillaga að breytingu

Með hliðsjón af framansögðu er hér sett fram tillaga að breytingum á afmörkun vaxtarmarka í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eins og þau eru birt á þemakortum skipulagsins og í gagnagrunni svæðisskipulagsins. Vaxtarmörkin eru hér sýnd á kortum sem gul lína. Undirlagið er aðalskipulagsuppráttur Reykjavíkur sem er ekki efni þessarar breytingar, heldur eingöngu hafður undir til skýringar. Landrými innan vaxtarmarka á Álfsnesi fyrir breytingu er um 120 ha en eftir breytingu um 170 ha.

Svæðisskipulag fyrir breytingu	Tillaga að breytingu
	
Vaxtarmörk í staðfestu svæðisskipulagi (gul lína) og staðfest aðalskipulag Reykjavíkur sýnt sem bakgrunnur til skýringar.	Tillaga að breytttri afmörkun vaxtarmarka í svæðisskipulagi (gul lína) og tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem kynnt er samhliða svæðisskipulagstillögu, sýnd til skýringar sem bakgrunnur. Vaxtarmörkin eru dregin þannig að nýtt iðnaðarsvæði (I6), tjörninn við botn Álfsnesvíkur og Álfsnesbærinn og umhverfi hans verði innan vaxtarmarka eftir breytingu.

4. Samræmi við áætlanir

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Breytingin er til þess fallin að auka samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að skapa grundvöll fyrir atvinnuuppbyggingu og sérhæfða þjónustu og samrýmist vel markmiði landsskipulagsstefnu um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf (efnisgrein 3.4). Breytingin felur í sér að ráðstafa landi undir sérhæfða starfsemi fyrir efnisvinnslu í Álfsnesvík en með breytingunni er ekki verið að heimila þróun íbúðabygginga utan núverandi vaxtarmarka, miðað við framlagða breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem kynnt er samhliða. Breytingin er að því leyti ekki í ósamræmi við markmið landsskipulags um sjálfbært skipulag þéttbýlis og þróun þétttrar, samfelldrar byggðar.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Eins og fram hefur komið þá er samhliða tillögu á afmörkun vaxtarmarka lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði í Álfsnesvík. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur er landnotkun breytt, afmarkað iðnaðarsvæði og sett stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags sem er í vinnslu.

5. Samantekt umhverfisskýrslu

Hér er sett fram stutt samantekt á þeim hlutum umhverfisskýrslu sem helst varða umhverfismat áætlana á svæðisskipulagsstigi. Allar nánari upplýsingar er að finna í umhverfisskýrslunni sjálfri.

Við mótun tillögunnar voru skoðaðir sex mismunandi staðarvalskostir:

- Sundahöfn
- Gufunes
- Geldinganes
- Álfsnes A - við Kollafjörð
- Álfsnes B - við Álfsnesbæinn
- Álfsnes C - við Álfsnesvík

Við samanburð valkostanna var skoðað hvernig staðurinn hentar fyrir starfseminu út frá skipulagsþáttum og hagrænum atriðum en hins vegar út frá áhrifum á skilgreinda umhverfispætti í samræmi við aðferðafræði umhverfismats áætlana. Niðurstaða úr þessum samanburði nýttist við ákvörðun um hvaða kostur yrði valinn til að setja fram í tillögu að svæðisskipulags- og aðalskipulagsbreytingu. Núllkostur, það er ef skipulagi yrði ekki breytt og enginn af þessum staðarvalskostum kæmi til greina, myndi leiða til þess að ekkert iðnaðarsvæði af þessum toga færi inn á skipulag og fyrirtæki sem þurfa að staðsetja sig á slíku svæði, eins og á við í tilfelli Björgunar, myndu þurfa að hætta vinnslu. Ekki er talið raunhæft fyrir fyrirtækið að staðsetja sig utan höfuðborgarsvæðisins.

Í meðfylgjandi töflu eru áhrif vegna mismunandi staðarvalskosta fyrir iðnaðarsvæðið tekin saman. Það var niðurstaða þessa almenna samanburðar að þeir þrír kostir sem skoðaðir voru á Álfsnesi komi betur út en Sundahöfn, Gufunes og Geldinganes, vegna meiri fjarlægðar frá byggð, þó gera megi ráð fyrir auknum flutningskostnaði, áhrifa á landslag og áhrifa vegna aksturs og uppbyggingar grunnkerfa. Af þessum þremur stöðum á Álfsnesi kemur staðsetningin við Álfsnesvík best út en náttúrulegar aðstæður til landmótunar eru óhagstæðari við Kollafjörð og Álfsnesbæinn vegna sjávarhamra eða kletta við strönd, óhagstæðari veðuraðstæðna og vegna þess að staðirnir eru opnari fyrir hafi. Á öllum stöðunum á Álfsnesi verður nokkur kostnaður vegna tenginga við grunnkerfi.

		1. Sundahöfn	2. Gufunes	3. Geldinganes	4. Álfsnes A. Við Kollafjörð	5. Álfsnes B. Álfsnesbærinn	6. Álfsnes C. Við Álfsnesvík
Landslags- og umhverfiseinkenni – viðkvæmni fyrir breytingum	Landslag						
	Útivist						
	Dýra- og plöntulíf						
	Sjóntengingar						
	Mannvist						
	Mengun/truflun						
	Náttúruvá						

		1. Sundahöfn	2. Gufunes	3. Geldinganes	4. Álfsnes A. Við Kollafjörð	5. Álfsnes B. Álfsnesbærinn	6. Álfsnes C. Við Álfsnesvík
Aðstæður fyrir höfn	Samspil við nærsvæði						
	Náttúrulegar aðstæður						
	Flutningskostnaður						
	Grunnkerfi						
	Stækkun						

Á grundvelli þessa samanburðar og niðurstaðna í umhverfismati tillögunnar er mælt með því að nýtt iðnaðarsvæði, sem er ætlað fyrir vinnslu jarðefna, verði staðsett í Álfsnesvík og að svæðið verði innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins. Staðarval við Álfsnesvík virðist fela í sér skynsamlega málamiðlun að virtum þeim áhrifum sem þessi greining nær til.

Byggt á þessum forsendum er nú lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi, sem gerir ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði við Álfsnesvík og breyting á svæðisskipulagi, sem breytir vaxtarmörkum þannig að iðnaðarsvæðið verði innan þess. Á forsendum þeirrar niðurstöðu hefur sá kostur verið mótaður frekar í aðalskipulagstillögu og svæðisskipulagstillögu og er gerð grein fyrir líklegum áhrifum þeirra breytinga á umhverfið í eftirfarandi töflu. Þar kemur einnig fram hvernig brugðist hefur verið við mögulegum neikvæðum áhrifum með skilmálum fyrir iðnaðarsvæðið í aðalskipulagstillögunni. Þeir skilmálar eru til leiðbeiningar við útfærslu deiliskipulagsins, sem nú er í vinnslu.

Umhverfispáttur	Áhrifamat	Skýring	Skilmálar í aðalskipulagi til að draga úr áhrifum.
1. Náttúrufar			
1.1 Lífríki	Neikvæð	Óveruleg áhrif á gróður og fuglalíf en skerðir votlendi sem forðast ber að raska skv. náttúruverndarlögum.	
1.2 Sjór og strandlengja	Neikvæð	Óröskuð strandlengja mun skerðast.	
2. Loftgæði			
2.1 Loftgæði	Óveruleg neikvæð	Dregið er úr mögulegum neikvæðum áhrifum á loftgæði, vegna rykmengunar eða fohættu.	Nýta skal landslag lóðar landmegin til að skerma starfsemina af eins og kostur er, til að draga úr áhrifum á ásýnd, mögulegri rykmengun eða fohættu, ljósmengun og hávaða.
2.2 Losun gróðurhúsaloft tegunda	Óveruleg neikvæð	Óveruleg aukning vegna aukinnar umferðar.	
3. Samfélag			
3.1 Samgöngur	Óveruleg neikvæð	Auknar akstursvegalemdir	Útfærsla vinnslusvæðisins og tenginga að því skal taka tillit til fyrirhugaðrar legu 2. áfanga Sundabrautar.
3.2 Lýðheilsa	Óveruleg neikvæð	Einhver áhrif verða á hljóðvist en þau eru líkleg til að vera óveruleg.	
3.3 Fornminjar	Neikvæð	Neikvæð áhrif þar sem framkvæmdir á skipulagssvæði munu raska fornminjum.	Þekktar fornminjar eru á og við svæðið. Í deiliskipulagi skal forðast, eins og kostur er, að raska minjum í suðurjaðri svæðisins sem tilheyra minjasvæði Sundakots, en þar eru eintakar minjar um búðarsvæði verslunarstaðarins við Þerneyjarsund. Vegtengingu að svæðinu skal einnig hagað þannig að minjum sé hlíf, sé þess nokkur kostur. ²
3.4 Öryggi	Óveruleg neikvæð	Skipulagið tekur tillit til loftslagsbreytinga	Við útfærslu deiliskipulags skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.
3.5 Efnahagur	Verulega jákvæð	Stefnan veitir möguleika á iðnaðarsvæði fyrir fyrirtæki sem er mikilvægur framleiðandi jarðefna fyrir höfuðborgarsvæðið og önnur svæði nær og fjær.	
4. Auðlindir			
4.1 Landrými	Óveruleg neikvæð	Óraskað land er tekið undir byggð.	
4.2 Verndarsvæði	Óveruleg neikvæð	Nálæg svæði á náttúruminjaskrá eru ekki líkleg til að verða fyrir verulegum áhrifum.	
4.3 Útivistarsvæði	Óveruleg neikvæð	Stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á notkun	

² Áhrif á minjar og mótvægisáðgerðir verða til frekari skoðunar á kynningartíma vinnslutillögunnar, sjá umfjöllun í kafla 6 um samráð við Minjastofnun.

		eða aðgengi að útivistarsvæðum.	
4.4 Jarðefnanotkun	Óveruleg neikvæð	Gæta skal að jafnvægi í efnisnotkun á staðnum milli skeringa, fyllinga og dýpkunar.	Við landmótun skal eins og hægt er gæta að efnisjafnvægi, þannig að efni í fyllingar verði sem mest aflað með skeringum á landi og úr dýpkunarframkvæmdum vegna hafnarinnar.
4.5 Landslag/ásýnd	Umfang raskaðs svæðis	Ásýnd svæðisins mun breytast.	Hönnun og frágangur á svæðinu skal miða að því að mannvirki falli vel að umhverfinu. Nýta skal landslag lóðar landmegin til að skerma starfsemina af eins og kostur er, til að draga úr áhrifum á ásýnd, mögulegri rykmengun eða fohættu, ljósmengun og hávaða.

Síðar, þegar fullunnar svæðis- og aðalskipulagstillögur verða auglýstar verður einnig auglýst deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið. Þá mun fylgja nánari umfjöllun um mat á svæðisbundnum áhrifum þess á umhverfið að staðsetja iðnaðarsvæðið í Álfsnesvík og hvernig draga má úr áhrifum með útfærslu á lóð, tilhögun hennar og stærð, fyrirkomulagi bygginga og umhverfisfrágangi með skilmálum og útfærslu í deiliskipulagi.

Núllkostur, það er ef skipulagi yrði ekki breytt og Álfsnesvík kæmi ekki til greina sem iðnaðarsvæði myndi leiða til þess að ekkert iðnaðarsvæði af þessum toga færi inn á skipulag og fyrirtæki sem þurfa að staðsetja sig á slíku svæði, eins og á við í tilfelli Björgunar, myndu þurfa að hætta vinnslu. Það gæti haft þau áhrif að framboð á efnum t.d. til steypuframleiðslu myndi minnka mikið og þá þyrfti að flytja efni langt að, annað hvort úr opnum námum eða þá að opna þyrfti nýjar námur á landi. Efnisvinnsla úr námum á hafsbotni hefur reynst hagkvæmur kostur og dregið úr þörfinni fyrir efnisnám á landi.

6. Samráð og kynningar

Samhliða svæðisskipulagstillögunni er unnið að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og nýju deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík og er kynning áætlananna áformuð samhliða³ :

- Sameiginleg verkefnislýsing fyrir aðalskipulag og deiliskipulag með matslýsingu var kynnt og lögð fram til umsagnar í október 2017. Lýsingin var send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Vakin var athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.

Starfsemi Björgunar felst í flutningi og vinnslu náttúrulegra jarðefna og var það í fyrstu skilningur Reykjavíkur að sú landnotkun samræmist best skilgreiningu á landnotkunarflokknum „Efnistöku- og efnislosunarsvæði“ sbr. staflíð (g) í grein 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þar sem þar væri ekki gert ráð fyrir mengandi iðnaðarstarfsemi. Í samræmi við þann skilning var auglýst verkefnis- og matslýsing fyrir bæði aðal- og deiliskipulag sem tók mið af því. Í umsögn Skipulagsstofnunar við lýsinguna kom fram að þar sem þarna væri um að ræða efnisvinnslu með tilheyrandi aðstöðu og húsnæði sem væri háð byggingarleyfi, þá ætti frekar við að skilgreina landnotkunina sem iðnaðarsvæði. Því var verkefnislýsingin aftur sett í kynningu miðað við breyttar forsendur og í kjölfarið var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd að setja í kynningu verkefnislýsingu þar sem lagt var upp með að gera breytingu á vaxtarmörkum þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins, til að iðnaðarsvæðið yrði innan þess.

- Sameiginleg verkefnislýsing fyrir aðalskipulag og deiliskipulag með matslýsingu var kynnt og lögð fram til umsagnar í janúar 2017. Lýsingin var send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Vakin var athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.
- Verkefnislýsing fyrir svæðisskipulagsbreytingu var lögð fram til kynningar í febrúar 2018. Lýsingin var send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vef samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, ssh.is. Vakin var athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.

Eftirtaldar umsagnir bárust um verkefnislýsingarnar og hafa þær verið hafðar til hliðsjónar við

³ Umfjöllun hér er í öllum aðalatriðum samhljóða umfjöllun í svæðisskipulagstillögunni.

tillögugerð og umhverfisskýrslu, eftir því sem við á:

Minjastofnun benti á minjasvæði í og við Álfsnesvík og að stofnunin muni gera kröfu um mótvægisáðgerðir vegna minja sem kunna að verða fyrir raski. Einnig benti stofnunin á að nauðsynlegt gæti verið að kanna þau svæði á hafsbótmi sem verða fyrir raski vegna hafnarframkvæmdanna og að þörf geti orðið á mótvægisáðgerðum ef minjar verða fyrir raski, sem myndu í flestum tilfellum fela í sér fornleifarannsókn með uppgrefti.

Uppfært 14. ágúst: Í ljósi ofangreindrar umsagnar var í júní 2018 óskað eftir umsögn stofnunarinnar um þær skráðu minjar sem geta lent innan væntanlegs framkvæmdasvæðis Björgunar í Álfsnesvík og mögulegar mótvægisáðgerðir, svo hægt væri að undirbúa þær í sumar. Svar barst frá Minjastofnun með bréfi dags. 17. júlí 2018 þar sem stofnunin beinir þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar, á grunni upplýsinga úr uppfærðri fornleifaskráningu Borgarsögusafns, að fundinn verði önnur staðsetning fyrir starfsemi Björgunar. Byggði Minjastofnun tilmæli sín á að svæðið væri hluti af einstakri minjaheild með minjum um verslun, útveg og landbúnað.

Reykjavíkurborg skoðar nú hvernig hægt er að bregðast við umsögn Minjastofnunar og mun eiga samráð við Minjastofnun um það á kynningartíma vinnslutillögunnar. Skoða þarf hvort mögulegt sé að grípa til mótvægisáðgerða sem t.d. gætu falið í sér að skráðum minjum á svæðinu verði hlífð að hluta eða öllu leyti, fornleifarannsóknir og/eða aðrar leiðir við varðveislu minjanna. Niðurstaða ítarlegs kostamats er að aðrar staðsetningar fyrir starfsemi Björgunar eru ekki tiltækar þannig að sá kostur að leita annað er illfær.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur benti á nokkra þætti sem mikilvægt væri að skoða, eftir því sem við ætti, svo sem möguleg áhrif vegna grugg- og setmyndunar, hávaða og foks, lýsingar og umferðar, og að huga þurfi að frárænnisli og nægilegu landrými fyrir settjarnir.

Veitur bentu á að styrkja þyrfti tengingar rafmagns og heits vatns á svæðinu, færa þyrfti stofnlögn fyrir kalt vatn og að engin fráveita væri á svæðinu.

Frá Mosfellsbæ, íbúasamtökum Kjalarness og Leirvogstungu bárust ábendingar m.a. um að viðhafa aðgát vegna minja, fráveitu, vatnsöflunar, útivistarsvæðisins við Leirvog, sjónmengunar og foks jarðefna.

Náttúrufræðistofnun kom með ábendingar um viðmið úr lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem mikilvægt væri að taka tillit til, eftir atvikum.

Landsnet, Samgöngustofa, Vegagerðin, Veðurstofan og Umhverfisstofnun gerðu ekki athugasemd við lýsingarnar,

Skipulagstofnun benti á að huga þyrfti að aðkomu að svæðinu og hvort tillagan hefði áhrif á fyrirhugaða legu 2. áfanga Sundabrautar. Þá benti stofnunin á að æskilegt væri að umhverfismat skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum yrði unnið samhliða skipulagstillögunum, eins og ráðgert er.

- Tillaga að svæðisskipulagsbreytingu er nú kynnt á vinnslustigi, samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu. Tillögunar verða sendar til umsagnaraðila og óskað eftir umsögn. Þær verða gerðar aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og vakin verður athygli á þeim með auglýsingu í fjölmiðli og á kynningarfundi.
- Þegar unnið hefur verið úr ábendingum sem bárust á kynningartíma verða endanlegar tillögur að aðalskipulagi og deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu lagðar fram í borgarstjórn og auglýstar að lokinni athugun aðalskipulagstillögunnar hjá Skipulagsstofnun. Í framhaldinu verði þær auglýstar opinberlega, gerðar aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og athygli vakin á þeim með auglýsingu í fjölmiðli. Samhliða er gert ráð fyrir að tillaga að breytingu á svæðisskipulagi verði auglýst eftir að hafa fengið afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd pg

sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

- Að loknum athugasemdafresti verða aðalskipulag- og deiliskipulagstillögurnar teknar fyrir í bæjarstjórn og svæðisskipulagstillaga í svæðisskipulagsnefnd og samþykktar tillögur sendar til Skipulagsstofnunar.

Umsagnaðilar vegna aðalskipulags- og deiliskipulagstillögu eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, hverfisráð Grafarvogs, hverfisráð Kjalarness, Mosfellsbær, íbúasamtök Leirvogstungu, Veidifélag Leirvogssár, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Kjósarhreppur, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Minjastofnun Íslands, Faxaflóahafnir, Sorpa, Vegagerðin, Samgöngustofa, Orkustofnun, Orkuveitan, Veðurstofan, Veitur og Borgarsögusafn. Svæðisskipulagstillagan, sem kynnt er samhliða hefur sömu umsagnaraðila.

Samhliða ferli skipulagsbreytinga vinnur Björgun að umhverfismati framkvæmdarinnar. Í meðfylgjandi töflu er sýnd tímalína fyrir áætlað ferli vegna skipulagsbreytinga og umhverfismats framkvæmda.

Áætluð tímalína	Skipulagsáætlanir	Umhverfismat framkvæmda – áætlað ferli
Október 2017 - lokið	Undirbúningur; greinargerð um nýtt athafnasvæði Björgunar og kostamat	
Desember 2017 – mars 2018 - lokið	Skipulagslýsingar í kynningu, svæðis, aðal og deiliskipulag	
~Júní-ágúst 2018	Drög að tillögum að breytingu á aðalskipulagi/svæðisskipulagi kynntar á vinnslustigi	Kynning matsáætlunarr og umsagnarferli
~September-október 2018	Tillögur samþykktar í auglýsingu, aðalskipulag, deiliskipulag og svæðisskipulag og sendar til umsagnar	Frummatsskýrsla í kynningu
~Nóvember-deseember 2018	Athugasemdum svarað að loknu auglýsingaferli	Athugasemdum svarað að loknu auglýsingaferli
~Janúar-febrúar 2018		Matsskýrsla fullunnin og send Skipulagsstofnun. Úrskurður Skipulagsstofnunar
~ Febrúar-mars 2018	Tillögur sendar Skipulagsstofnun og auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda	